

1938 nr. 80 11. júní**Lög um stéttarfélög og vinnudeilur**

Tóku gildi 3. september 1938. *Breytt með* l. 70/1954 (tóku gildi 7. maí 1954), l. 33/1978 (tóku gildi 1. júní 1978), l. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), l. 91/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 75/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 20/2001 (tóku gildi 16. maí 2001), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og jafnréttismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Um réttindi stéttarféлага og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.**■ 1. gr.**

□ Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkálýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

■ 2. gr.

□ Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

■ 3. gr.

□ Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagans og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.

□ Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagans er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagamaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

■ 4. gr.

□ Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með:

- uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
- fjárgreiðslum, lofordum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

■ 5. gr.

□ Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

□ [Samninganefnd eða fyrirsvarsmáður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri féлага eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi féлага eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

□ Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærur fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða

og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almennt leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

□ Standi [tvö eða fleiri stéttarfélög]¹⁾ að gerð kjarasamnings, vinnustaðarsamnings, fyrir félagsmenn á sama vinnustað skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meiri hluti niðurstöðu. Um gildistöku og afgreiðslu vinnustaðarsamnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum [3. mgr.]¹⁾

□ Skylt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.²⁾

¹⁾ L. 20/2001, 1. gr. ²⁾ L. 75/1996, 1. gr.

■ 6. gr.

□ Allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

■ 7. gr.

□ Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

■ 8. gr.

□ Stéttarfélög bera ábyrgðina á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast seki um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrahússtöfnum eða sjúkrahúsum, sjúkrahúsum vegna þessara ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagans og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

□ [Ófélagbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarféлага bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagamaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 2. gr.

■ 9. gr.

□ Á hverri vinnustöð, þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagans á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

□ Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra og flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o.fl.

□ Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

■ **10. gr.**

□ Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans.

□ Strax og trúnaðarmanni hefur borist umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla, að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða fulltrúa hans, ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefur valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Enn fremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða fulltrúar hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

■ **11. gr.**

□ Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

■ **12. gr.**

□ Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. gr.

■ **13. gr.**

□ Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

II. kafli. Um verkföll og verkbönn.

■ **14. gr.**

□ Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

■ **15. gr.**

□ [Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtings atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

□ Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað

og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá fimmtingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

□ Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er einkum ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynt árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

□ Samninganefnd eða til þess bærur fyrirvarsmönnum sammingsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestinin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 3. gr.

■ **16. gr.**

□ Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

■ **17. gr.**

□ Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldist óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.

3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmetta vinnustöðvun.

■ **18. gr.**

□ Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

■ **[19. gr.]**

□ Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar samþærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 4. gr.

[III. kafli. Um sáttastörf í vinnudeilum.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr. Ákvæði kaflans gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til, sbr. 9. gr. s.l.

■ **[20. gr.]**

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar ríkissáttasemjara til fimm ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

□ [Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.]²⁾

□ Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

□ Ríkissáttasemjari getur [tilnefnt]²⁾ aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

□ Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

□ Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

□ [Kjararáð ákveður laun ríkissáttasemjara.]³⁾ [Ráðherra]⁴⁾ ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.]⁵⁾

¹⁾ L. 126/2011, 14. gr. ²⁾ L. 83/1997, 33. gr. ³⁾ L. 130/2016, 8. gr. ⁴⁾ L. 162/2010, 1. gr. ⁵⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [21. gr.]

□ Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólks eftir þörfum og í samræmi við heimildir.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [22. gr.]

□ Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

□ Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага.

□ Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

□ Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [23. gr.]

□ Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lög-mætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

□ Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [24. gr.]

□ Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitani-ir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

□ Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

□ Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttamedferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

□ Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [25. gr.]

□ Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

□ Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

□ Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

□ Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [26. gr.]

□ Sáttasemjari getur krafist aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafist allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [27. gr.]

□ Ef samningaumleitaniir sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekenda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

□ Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [28. gr.]

□ Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir bor- ið fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins deilu-

aðila eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

□ Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 1. mgr. eftir því sem við á.

□ Skilyrði þess að sáttasemjara sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu, eina eða fleiri, samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,

b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,

c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,

d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,

e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [29. gr.]

□ Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrir en greidd hafa verið atkvæði um hana.

□ Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

□ Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirmæli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [30. gr.]

□ Jafnskjótt og atkvæðagreiðsla er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [31. gr.]

□ Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meira en helmingur greiddra atkvæða er á móti henni og ef mótatkvæði eru fleiri en fjórðungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Þetta gildir jafnt um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og póstatkvæðagreiðslu.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [32. gr.]

□ Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [33. gr.]

□ Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álitur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [34. gr.]

□ Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sína á milli.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [35. gr.]

□ Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilraunum sínum.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [36. gr.]

□ Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.¹⁾

¹⁾ L. 75/1996, 5. gr.

■ [37. gr.]

□ Ríkissáttasemjari skal senda [ráðherra]¹⁾ skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 1. gr. ²⁾ L. 75/1996, 5. gr.

IV. kafli. Um Félagsdóm.

■ 38. gr.

□ Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefur það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

■ 39. gr.

□ [Í dómnum eiga sæti fimm menn sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: Einn af [Samtökum atvinnulífsins],¹⁾ annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af [ráðherra]²⁾ úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og tveir af Hæstarétti og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í [Samtökum atvinnulífsins]¹⁾ skal dómari sá, sem

tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarrann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara, skipuðum af Alþýðusambandi Íslands.

□ Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

□ Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. mgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af [Samtökum atvinnulífsins]¹⁾ og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna sem tilnefndir eru í því skyni af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráð ASÍ tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Nefnd samtök nefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.³⁾

¹⁾ L. 20/2001, 2. gr. ²⁾ L. 162/2010, 1. gr. ³⁾ L. 75/1996, 6. gr.

■ 40. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ tilkynnir, hvenær tilnefning dómara skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra tilnefningu innan tveggja vikna frá því tilkynning um, að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir ráðherra dómara af hálfu þess aðilja.

¹⁾ L. 162/2010, 1. gr.

■ 41. gr.

□ Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal sá, sem hefur tilnefnt þá, tilnefna dómara í þeirra stað, ella gerir dómsforseti það.

■ 42. gr.

□ Dómarar skulu vera íslenskir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

■ 43. gr.

□ Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eidd að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastrarfið eftir bestu vitund.

■ 44. gr.

□ Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmetra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendum því meðmæltir.

□ [Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltirar iðngreinar hún taki.]¹⁾

¹⁾ L. 70/1954, 2. gr.

■ 45. gr.

□ Sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki

eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðiljar reka mál sín sjálfir.

□ Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðilja heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

■ 46. gr.

□ Málsaðiljar geta gefið íslenskum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð, umboð til að reka mál sín fyrir dómnum.

■ 47. gr.

□ Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 44. gr. 3. tölul.

■ 48. gr.

□ Dómarar þeir, sem tilnefndir eru af hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar, hvort dómari skuli víkja sæti. Dómurinn er ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður. Dómarar, sem hafa byrjað meðferð mála, skulu ljúka því, þó kjörtímabil þeirra sé á enda.

■ 49. gr.

□ Formaður dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

■ 50. gr.

□ Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn aðilja og heimilisfang, ítarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Enn fremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér formaður um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

■ 51. gr.

□ Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því, með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

□ Stefnandi sér um birtingu, og skal stefna birt af [stefnuvotti]¹⁾ á venjulegan hátt. . . .¹⁾

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr.

■ 52. gr.

□ Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né lætur mæta.

2. Ef málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álitur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

■ 53. gr.

□ Stefnandi getur komið fram gagnkröfu, án þess að höfða þurfi gagnsóknarmál.

■ 54. gr.

□ Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að álitu dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál tefjist ekki að óþörfu.

■ 55. gr.

□ Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eidfestir vitni samkvæmt gildandi lögum.

■ 56. gr.

□ Dómurinn sér um, að mál upplýsist sem best. Hann getur krafði aðilja um skýrslu, ef hann álitur það nauðsynlegt til að upplýsa málið.

■ **57. gr.**

□ Dómurinn getur ákveðið, að aðiljaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðilja.

■ **58. gr.**

□ Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í einkamálum í héraði.

■ **59. gr.**

□ Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra eftir ákvörðun dómans.

□ Dómurinn getur enn fremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur [um meðferð einkamála].¹⁾

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr.

■ **60. gr.**

□ Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

■ **61. gr.**

□ Dómurinn ákveður þóknun til vitna og skoðunar- og matsmanna.

■ **62. gr.**

□ Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

■ **63. gr.**

□ Dómurinn sektar aðilja, málflytjendur og aðra fyrir víta-verða framkomu í málflytningi eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

□ Dómarinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmlega framkomu.

■ **64. gr.**

□ Í dómum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

□ Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku. Ef ekki er hægt að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt, sem sagt hefur verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

□ Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

■ **65. gr.**

□ Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

□ Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

■ **66. gr.**

□ [Allur kostnaður við Félagsdóm greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Kjararáð ákveður þó þóknun til dómara.]¹⁾

□ Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

¹⁾ L. 130/2016, 8. gr.

■ **67. gr.**

□ Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði [kæra]¹⁾ til hæstaréttar:

1. [Frávísunardóm eða úrskurð]²⁾ um frávísun.

2. [Dóm]²⁾ til ónýtingar, sökum þess að málið heyrir ekki undir Félagsdóm.

3. [Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssæktir skv. 60. og 63. gr.]²⁾

[4. Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.]²⁾

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr. ²⁾ L. 20/2001, 3. gr.

■ **68. gr.**

□ Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómans og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

■ **69. gr.**

□ Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

V. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **70. gr.**

□ Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum . . .¹⁾ Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

□ [Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.]²⁾

¹⁾ L. 10/1983, 9. gr. ²⁾ L. 75/1996, 8. gr.